

Umsóknareyðublað – Starfsleyfi fyrir urðunarstað á Brandsbölum

Samanber 13. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og 10. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.



UMHVERFISSTOFNUN

Nafn og kennitala umsækjanda:

Borgarfjarðarhreppur, kt.480169-6549.

Staðsetning urðunarstaðar:

Brandsbölum, Borgarfirði eystri.

Tegundir úrgangs sem taka á við (sbr. flokkun í reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang):

Taka á við sömu flokkum og tilgreindir voru í eldra starfsleyfi í kafla 1.2 a,b,c og d, en eru nú tilgreindir í I. viðauka í nýrri reglugerð um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs 1040/2016. Flokkar úrgangs hafa númer: 01, 02, 17, 19 og 20.

Magn úrgangs sem taka á við á ári (í tonnum):

Allt að 500 tonn.

Áætluð heildarmóttökugeta urðunarstaðarins:

10.000 tonn.

Áætlaður rekstartími urðunarstaðarins:

20 ár.

Starfsleyfi eru jafnan gefin út til 16 ára, ef sótt er um til skemmri tíma þarf að tiltaka það hér:

Sótt um til 16 ára.

Ef sótt er um undanþágur skv. kafla VI í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs þarf að tiltaka það hér og skal rökstuðningur fylgja umsókninni:

Þar sem urðunarstaðurinn á Brandsbölum er í afskektri byggð er sótt um eftirfarandi undanþágur sbr. gr. 25 reglugerðar 738/2003:

Undanþágu frá áætlun um eftirlit og vöktun, sbr. III. viðauka. Hvað varðar veðurfræðileg gögn, greiningu á hauggasi og sigvatni og mælingar á sigi. Hinsvegar munu greiningar á grunnvatni halda áfram. Engin veðurstöð er eða verður á urðunarstaðnum og samantekt veðurgagna frá næstu veðurstöð hefur engan sérstakan tilgang til verndunar umhverfis. Greining á hauggasi frá urðunarstaðnum hefur ekki tilgang þar sem um lítið urðunarmagn er að ræða og því lítil gasmyndun, sjá einnig skýringar að neðan. Sótt er að neðan um undanþágu frá söfnun sigvatns vegna smæðar staðarins og verður því ekki hægt að taka sýni af sigvatni, en önnur vöktun mun verða á grunnvatni, sjá að neðan. Mælingar á sigi hafa ekki tilgang þar sem urðunarreinar eru

mjög grunnar og því verður lítið sig á yfirborði. Komi í ljós sig á urðunarreinum í vöktun mun huluefni verða bætt ofan á eftir þörfum.

Undanþágu frá sýnatöku, eftir því sem aðstæður á viðkomandi urðunarstað mæla með, vegna vöktunar á sigvatni, grunnvatni, og mælingum á breytingum á umfangi úrgangs sem urðaður hefur verið. Rekstraraðili mun áfram taka sýni úr tveim brunnum og gera þær greiningar sem gerðar hafa verið. Rekstraraðili mun dýpka eða finna nýjan stað fyrir brunn sem nú er neðanvið urðunarstaðinn en hann hefur ekki náð niður í grunnvatnið og oft verið þurr þegar taka á sýni. Sýni hafa þá verið tekin í læk þar neðanvið. Telji Umhverfisstofnun nauðsyn að bæta við parametrum í greiningu sýna er óskað að þeir velji eingöngu þá sem fyrst gefa til kynna mögulega grunnvatnsmengun en síðar má bæta fleirum við ef þörf er á.

Undanþágu frá kröfum um afhendingu og móttöku úrgangs sbr. 2. mgr. 9. gr. og 10. gr. reglugerðar 738/2003, sbr. e lið 26. grein. Sjá einnig næstu málsgrein hér.

Undanþágu frá 2. mgr. 21. gr. um gæðakerfi rekstraraðila. Gæðakerfi rekstraraðila fyrir urðunarstað af þeirri stærð sem hér um ræðir þarf að vera einfalt og framkvæmanlegt og því er ekki hægt að setja inn kröfur um að yfirfara gögn um úrgang frá úrgangshöfum, enda eru þau gögn ekki til. Úrgangur frá heimilum og rekstraraðilum á staðnum er almennt þekktur og þarfnast ekki sérstakra gagna og ekki er tekið við úrgangi frá aðilum utan sveitarfélags. Ekki er heldur raunhæft að skoða allan úrgang sem inn á urðunarsvæði kemur þar sem fastur starfsmaður er ekki til staðar. Skoðun getur þó farið fram þegar hugað er að urðunarreinum s.s. þegar hululag er sett yfir. Ekki er talið raunhæft að gera kröfu um móttökukvittanir vegna lítils urðaðs magns og vegna þess að ekki er hægt að hafa þar fastan starfsmann. Magn úrgangs sem fer inn á urðunarstaðinn verður vigtað eða metið með aðferðum sem Umhverfisstofnun samþykkir.

Undanþágu frá ákvæðum er varða verndun jarðvegs og vatns og aðgerðir er varða hauggas, sbr. 3. og 4. lið í I. viðauka. Urðunarstaðurinn tekur við litlu magni úrgangs og ákomuflötur úrkomu er lítill og myndast því lítið sigvatn. Til að draga úr myndun sigvatns hefur skurður verið gerður ofanstraums við urðunarsvæðið sem veitir bæði ofanvatni og grunnvatni frá urðunarhólfum. Þegar staðsetning urðunarstaðarins var valin var sérstaklega hugað að því að neðanstraums væru ekki vatnsverndarsvæði, lindir eða nein nýting á grunnvatnsstraumi. Mælingar undanfarinna ára á gæðum vatns í læk neðan urðunarsvæðis hafa staðfest að engin markverð mengun sé að berast frá urðunarsvæðinu og heldur sú vöktun áfram til að tryggja að svo verði. Sveitarfélagið gætir svo að því að einungis tiltekinn úrgangur fari inn á urðunarstaðinn og að fræðsla og móttaka sé fyrir hættulegan úrgang eins og spilliefni auk raftækjaúrgangs. Varðandi hauggas þá er magn lífræns úrgangs sem myndar gas lítið og ekki raunhæft að koma upp búnaði til söfnunar. Gróflega má áætla að 2-3 tonn myndist á ári af metani á urðunarstaðnum. Með því að nota lífrænan jarðveg sem huluefni efst á reinar má að nokkru leyti draga úr metanútstreyminu. Sveitarfélagið stefnir svo að því að draga úr því magni lífræns úrgangs sem urðaður er næstu árin og vinna að því að koma því í einhverskonar nýtingu.

Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri: Umsókn þessi er viðbót við þær upplýsingar sem þegar hafa verið sendar inn til Umhverfisstofnunar vegna nýs starfleyfis fyrir urðun á Brandsbölum og mynda því eina heild.

Staður og dagsetning

Undirritað f.h. umsækjanda

Skjöl sem fylgja skulu umsókninni:

- Uppdráttur af urðunarstaðnum. *Komið til UST.*
- Upplýsingar um stöðu aðalskipulags á svæðinu og afrit af staðfestu deiliskipulagi fyrir urðunarstaðinn. *Komið til UST.*
- Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum skal fylgja umsókn ef urðunarstaðurinn er háður mati á umhverfisáhrifum. Í umsókn er heimilt að vísa til gagna í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. *Á ekki við.*
- Lýsing á urðunarstaðnum (þ.á.m. lýsing á vatnajarðfræði- og jarðfræðilegum einkennum hans). *Komið til UST.*
- Greinargerð þar sem fjallað er um áhrif losunar mengunarefna á umhverfið, þ.á.m. lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg. Fjalla skal um þær aðferðir sem nota á til að fyrirbyggja og draga úr mengun frá staðnum, t.d. aðferðir við hreinsun sigvatns. Í greinargerðinni skal koma fram hver viðtaki fyrir sigvatn er og hvernig ætlunin er að leiða hreinsað sigvatn í hann. *Komið til UST.*
- Áætlun um rekstur, vöktun og innra eftirlit. *Komið til UST.*
- Fullnægjandi starfsleyfistrygging umsækjanda, sbr. 17. gr. í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs (þarf ekki að leggja fram sé sótt um starfsleyfi til urðunar á óvirkum úrgangi eingöngu). *Komið til UST.*
- Áætlun um lokun urðunarstaðarins, aðgerðir í kjölfar lokunar og kostnað sem af þeim hlýst. *Komið til UST.*
- Samantekt á almennu máli um þau atriði sem fram koma í umsókninni. Í umsókn koma fram upplýsingar um eftirfarandi atriði: *Umsækjanda starfsleyfis, úrgang sem urðaður verður, rekstur og undanþágubeiðnir.*

Heimilt er að nýta eða styðjast við gögn sem aflað var fyrir fyrri umsókn um starfsleyfi fyrir sama urðunarstað. Það er umsækjanda að safna þeim gögnum saman og senda með nýrri umsókn um starfsleyfi.

Umhverfisstofnun bendir á að viðbragðsáætlun og ábyrgðartrygging vegna mögulegs bráðamengunartjóns skulu liggja fyrir áður en starfsleyfi er gefið út, sbr. 16. og 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Umsókn um starfsleyfi og öllum fylgigögnum skal skila til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík og á rafrænu formi á netfangið umhverfisstofnun@umhverfisstofnun.is.